

Á VEGA- MÓTUM

Samkvæmt ákvæðum í samningum velflestra launþegasmata, sem gerðir voru á sl. sumri, svo og samkvæmt samþykkt Alþingis varðandi laun opinberra starfsmanna, þá á allt kaupgjald í landinu að hækka um 4% hinn 1. júní nk.

Hér er haldið inn á nýja braut í kaupgjaldsmálum á Íslandi, þ. e. hér kemur til framkvæmda kauphækkun í áföngum, þannig að aukin framleiðsla og aukning þjóðarteknanna koma m. a. fram sem raunveruleg kauphækkun til launþeganna, kaupmáttur launanna er aukinn stig af stigi án þess að teft sé í tví-sýnu afkomu framleiðslu- vinnuveganna.

Eiðmitt á þennan hátt hefur öðrum þjóðum tekizt það, sem Íslendingum hefur gjorsamlega mistekizt með endurtekinni verkfallsbaráttu seinni ára, en það er að tryggja launþegunum vaxandi og öruggan kaupmátt launanna.

Og hvaða skynsamleg rök mæla gegn því, að íslenskir launþegar fari ekki einmitt þá leiðina í kaupgjaldsmálunum, sem bezt hefur gefizt hjá þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar að menningu, og sem bezt hafa búið að launastéttunum?

Að sjálfsögðu má við því búast, að kommúnistar reyni að sporna við því, að þessi örugga og árangursríka leið verði farin í kaupgjaldsmálunum, og reyni enn einu sinni að etja verkalyðnum út í tilgangslaus verkföll, sem aðeins hafa rýrt raunverulega hagsmuni almennings, því þótt tímakaupið hafi hækkað eitthvað meira en nú verður, þá hefur ríkisvaldið ætíð, - og alls ekki síður á dögum vinstri stjórnarinnar, - talið sig knúsið til að gripa í taumana vegna útflutningsframleiðslunnar, og taka allt aftur, sem upp úr vinnustöðvuninni hafðist.

Hagsmunir launþeganna knýja á um það, að þeir taki nú ábyrgja afstöðu í þessum málum, því ljóst er, að í fullkomni óefni stefnir verði lengra haldið á ógæfuleiðum kommúnistanna. Fólk verður að skilja það, að það má alls ekki enn einu sinni láta ginnast af glamri og sýndarmennsku pólitískra vindhana og ævintýramanna, sem hagnýta verkalyðssamtökin í stjórn málaþrasinu sjálfum sér til framdráttar.

Hinn neikvæði árangur af verkleysið kommúnistanna í launamálunum eru þau hættumerki við veginn, sem nægja ættu til að fæla sérhvern ábyrggan launþega frá því að láta enn einu sinni leiða sig á þann háskaveg. (Skutull).



Skemmtun fyrir aldraða fólkið

MÁNUDAGSKVÖLDIÐ, 9. apríl s.l. bauð Kvenfélag Alþýðuflokksins í Reykjavík stórum hóp til ágæts fagnaðar í lönó, en þetta félag hefur allmörg undanfarin ár gengist fyrir slíkri skemmtun fyrir aldrað fólk og nokkra aðra, sem af ýmsum ástæðum sækja ekki að jafnaði skemmtistaði borgarinnar.

Ég, sem þessar línur skrifa, hef nokkum sinnum átt þess kost að sækja þessar samkomur og njóta þar gestrisni þeirra ágætu kvenna, er að þeim standa, og ég hef ekki í annan tíma skemmt mér betur, enda vel til alls vand- að jafnt skemmtiatriða, sem rausnarlegra veitinga.

Þetta mun hafa verið í tíunda sinn, sem félagið gengst fyrir slíkri samkomu og mér var sagt að sömu þrjár konurnar hafi all- af verið í nefndinni, sem séð hefur um aðalundirbúning þeirra. Þessar þrjár konur eru: Frú Pálína Þorfinnsdóttir, frú Oddfríður Jóhannsdóttir og frú Guðrún Sigurðardóttir. (Sjá mynd talið frá hægri).

Skemmtunin hófst kl. 8 síðdeg- is með því að gestir voru leiddir til sætis við dekkjað kaffiborð, en ágætur píanóleikari, Hafliði Jónsson, tók að leika ýmis alkunn og þjóðleg lög. Samkomugestir voru beðnir að taka undir, sem þeir og gerðu af hjartans list.

Þegar allir voru komnir, sem von var á, enda húsið þá þéttskip- að, flutti formaður félagsins, frú Soffía Ingvarsdóttir ávarp. Hún gat þess að sér þættu þessar sam- komur einn ánægjulegasti þátturinn í starfi félagsins. Hún sagði að sú kynslóð, sem nú er komin á efri ár, hefði skilað þjóðfé- linu sérstaklega miklu starfi, enda hefði engin önnur kynslóð lifað aðra eins gjörbreytingu á lifnaða- háttum þjóðarinnar. Þetta ætti jafnt við um atvinnuhættina, sem síðustu áratugi hefðu tekið svo

stórstígunum framförum, að það væri ævintýri líkast, og stórkost- legar framfarir á sviði félags- mála, en þar ættu almennatrygg- ingarnar ómetanlegan þátt í því að bæta lífskjör fólksins. Að lok- um það hún alla viðstadda að minnast ættjarðarinnar með fjór- földu húrrahrópi. Kaffi var síðan borð fram og gengu sérlega al- úðlegar félagskonur sjálfar um beina. Síðan hófust skemmtiatri- ðin hvert af öðru. Hjálmar Kja-: ansson söng einsöng með undir- leik Sigurðar Ísólfssonar, þessum ágæta söngvara var mjög vel þak- ið og varð hann að syngja auka- lög.

Frú Pálína Þorfinnsdóttir og Ágúst Guðjónsson kváðu gaman- saman samkvæðing, og einnig kváðu þeir saman Ágúst og Magn- ús Pétursson. Var óspart klappað fyrir kvæðafólkinu og sýnilegt að áheyrendur kunnu vel að meta þessa þjóðlegu skemmtun. Sýnd var ný litkvímynd eftir Osvald Knudsen, er nefnist „Vorið kemur“. Sýndi hún ýmsa atvinnu- hætti og vinnutæki, sem einkum eldra fólk mun kannast vel við, en auk þess margar fagar svip- myndir úr dýralífni. Hinn al- kunnri gamanvísnaðngvari Hjálmar Gíslason söng gamanvísur, er vöktu almenna kátínu áheyrenda. Síðan voru borð tekin upp og stígninn dans af miklu fjöri til kl. 1 á miðnætti að samkomunni var slitið. En þá sáu okkar ágætu gestgjafar öllum fyrir akstri heim, þeim er ekki áttu sjálfir kost farartækja. Einhvern tína kvöldsins átti ég stutt samtal við eina af þeim konum, er fyrir þessum kvöldfagnaði stóðu, en hún hefur lengi verið félagi í Verkavennafélaginu Framsókn. Hún sagði eitthvað á þessa leið: „Okkur í Verkavennafélaginu, datt það stundum í hug hér áður fyrr að halda svona skemmt-

Framhald á 12 síðu

Minningarorð:

MAGNÚS KJARAN

stórkaupmaður

MEÐ Magnúsi Kjaran er horfinn af sjónarsviðinu einn af forustu- mönnum íslenskrar verzlunar, sem jafnframt reyndist þjóð sinni hinn liðtækasti á sviðum margra áhugamála. Hann var í æsku hinn glæsilegasti íþróttamaður og virkur í félagsstarfi á blóma- skeiði ungmennafélaganna — bjartsýni og stórhugs.

Magnús var sonur Tómasar Eyvindarsonar bónda og konu hans Sigríðar Pálsdóttur. Fæddist Magnús í apríl 1890 í Vælugerði í Flóa. Hann hneygðist snemma að verzlunarstörfum, hlaut margra ára praktískt nám á því sviði auk skólagöngu í Verzlunarskólanum, þegar árið 1918 varð Magnús meðeigandi í verzluninni Liverpool og einn eigandi hennar 1925—30. Það ár hóf hann starfsemi sem stórkaup- maður og blómgaðist það fyrir- tæki, sem bar nafn hans.

Magnúsi hefur verið sýndur margvíslegur trúnaður í samtök- um eins og Félagi ísl. stórkaup- manna, Rauða kross Íslands og fleirum. Bæjarfulltrúi var hann um tveggja ára skeið og vara- ræðismaður Svía hafði hann verið um langt árabil.

Hvað mest traust var Magnúsi Kjaran sýnt, er hann var skipaður framkvæmdastjóri Alþingis- hátíðarinnar 1930. Þá var núverandi Forseti Íslands forseti sam- einaðs þings, og minnst hann Magnúsar sérstaklega í því til- efni með eftirfarandi orðum:



ÞAR sem ég var forseti Samein- aðs þings árið 1930, hefur Al- þýðublaðið beðið mig um um- sögn um framkvæmdastjórn Magnúsar Kjaran á Alþingishá- tíðinni.

Ég kynntist Magnúsi fyrst í Ungmennafélagi Reykjavíkur. Magnús var meðal forustumanna, þegar ég gerðist þar nýliði. Mér

sýndist allt leika í höndum hans eins og svo oft síðar. Hann var íþrótt- og glímumaður, mælsk- ur vel, tók mikinn þátt í kapp- ræðum, var fylginn sér í öllu og þó lipurmenni. Þá þótti og muna um hans lið við fjáröflun, tom- bólur og hvaða framkvæmd sem var.

Allt þetta var okkur vel kunn- ugt, sem sátum í undirbúnings- nefnd Alþingishátíðarinnar 1930, enda var Magnús einróma kjör- inn framkvæmdastjóri nefndar- innar strax og herða þurfti á undirbúningi. Það var greinilegt að stórhugur og bjartsýni fór vaxandi við hans tilkvámu. Varð Magnús innan skamms að láta af sinni atvinnu og gefa sig allan við undirbúningsframkvæmdum hátíðarinnar. Hinn reyndi ung- mennafélagi var gripinn af hinu nýja verkefni, og fórnaði eigin hagsmunum.

Það er ekki laust við að mig sundli nú eftir á, þegar ég hugsa til hinna margþætta starfa, sem framkvæmdastjórnin þurfti að anna á einum tveim árum. Sam- starf við héraðsnefndir, Vestur- Íslendinga, íþróttamenn, söng- fólk, fyrirhyggja um glistastaði, matföng, bíla, vegabætur og tjöld, boð og aðbúð erlendra full- trúa — allt lék þetta í höndum Magnúsar eins og fyrri störf. Úr mörgum snurðum og flækjum þurfti þó að greiða.

Þá þurfti Magnús að sjá fyrir skreytingu á skálum, héraðs- merkjum, minnispeningum, öllum borðbúnaði o. s. frv., og var það sérstakt hvað örugg smekk- vísi lýsti sér í því öllu. Það eru nú kjörgríp, allt sem útvegað var til hátíðarinnar. Ekki sá þreytu á Magnúsi, heldur herti hann róðurinn eftir því sem hátíðin nágaðist, og fyrst á þriðja og síðasta degi Þingvallahátíð- arinnar merktist, að öllum má ofgera.

Áætluin um framkvæmd þús- und ára afmælishátíðar Alþingis var djörf. Verkefni framkvæmda stjórnans var að reisa þrjátíu þús- und manna bæ til þriggja náttu í óbyggð. Viðfangsefnið var leyst með ágætum. Þó að fjöldi ágætra manna komi þar við sögu, þá munu allir, sem til þekkja, vera á einu máli um það, að fram- kvæmdastjórnin Magnúsar Kjaran á stærstu þökkina fyrir, að allt fór vel úr hendi um undirbúning- inn, og varð íslenskri þjóð til hátíðabrigðis og sóma.

Þó margs væri fleira að minn- ast, þá blasir minning Magnúsar einna skýrust við mér í ljósi Alþingishátíðarinnar. Tílefníð var stórt, og risið var hátt á þeirri hátíð. Fjölhæfni og fram- tak Magnúsar lyfti þá grettis- taki. Við erum margir, sem minnumst nú Magnúsar Kjaran með söknuði og þakklæti, og óvini átti hann enga.

Ásgeir Ásgeirsson.